

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um kjörgengisskrár við amtsráðskosningar. — Í þóknanlegu brjefi frá 9. apríl þ. á. hafið þjer, 21. nóv. 117 herra amtmaður, með tillit til kosninga þeirra til amtsráðsins, er fram eiga að fara á öndverðu næsta ári, leitt athygli mína að því, að nú, eptir að lög um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877 eru komin í stað hinna eldri kosningarlaga, tilskipunar 6. jan. 1857, og þar með er hætt að semja sjerstakar kjörgengisskrár til alþingis, þá sje eigi mögulegt að fara eptir 46. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 um aðferðina við kosningar til amtsráðs, þarsem amtmenn vanti kjörgengisskrár þær, sem þar er gjört ráð fyrir, til að semja eptir þeim kjörgengisskrárnar til amtsráðsins, og þó að sýslumenn, sem sjeu kunnugri en amtmenn högum hvers einstaks manns á hverjum stað, muni ef til vill geta samið slíkar skrár eptir kjörskránum til alþingis, þá yrðu þó þær skrár, sem þannig kæmu til, engar eiginlegar kjörgengisskrár, eins og þær, sem 46. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar hefði fyrir augum, þarsem hvergi væri fyrirskipað, að þær skyldu liggja almenningi til sýnis um ákveðinn tíma. Með því að þannig sje eigi hægt að framfylgja hinum umræddu fyrirmælum sveitastjórnartilskipunarinnar, og af því að eins megi að yðar álitu vera án kjörgengisskráa við amtsráðskosningar eins og við alþingiskosningar, hafið þjer leitað úrskurðar míns um það, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að viðhöfð verði við hinar íhöndfarandi amtsráðskosningar lík aðferð, og þjer skýrið frá, að amtið hafi haft við síðustu amtsráðskosningar, þannig að sýslunefndunum verði lagt fyrir að hegða sjer eptir þeim almennu reglum laganna um kjörgengi til alþingis (sbr. 45. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar), þá er þær kjósa menn til amtsráðsins, án þess amtmaður sendi þeim neina skrá yfir þá, sem kjörgengir sjeu til amtsráðsins.

Útaf þessu vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg álit ekki rjett að víkja frekar frá fyrirmælum sveitastjórnartilskipunarinnar í 45. og 46. gr. um kosningar til amtsráðs, en óumflýjanlega nauðsynlegt er orðið við útkomu hinna nýju kosningarlaga til alþingis frá 14. sept. 1877, og að jeg þessvegna álit, að amtmanni beri enn að senda sýslunefndunum til afnota við amtsráðskosningar svo nákvæmar og rjettar skrár yfir kjörgenga menn til amtsráðsins, sem föng eru á, samdar eptir kjörskránum til alþingis. Sjer til leiðbeiningar í þessu efni getur amtmaður lagt fyrir sýslumennina, þá er þeir senda honum eptirrit af kjörskránum, að tilfæra í skrá þessum, ekki einungis aldur kjósendanna, heldur einnig athugasemd eða merki við þá af kjósendunum, sem af öðrum orsökum en þeim, að þeir ekki hafi náð hinum lögákveðna aldri, ekki hafa kjörgengi, og eptir þessum skýrslum getur amtmaður síðan sjálfur búið til aðalkjörgengisskrá, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að slík skrá, þó að hún, ef til vill, verði ekki að öllu leyti eins tryggileg og kjörgengisskrá sú, sem 46. gr. sveitastjórnartilskipunarinnar hefur fyrir augum, geti í öllu verulegu veitt sýslunefndunum sama stuðning og sömu upplýsingar við kosningarnar til amtsráðsins, sem nefnd lagagrein gjörir ráð fyrir.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um heimild sýslumanna til að láta hreppstjóra halda uppboð m. m. — Með þóknanlegu brjefi frá 12. sept. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 8. s. m., þarsem hann spyrst fyrir um: 118 22. nóv.

- 118 1. hvort hreppstjórar sje skyldir til launalaust að halda opinber uppboð;
 22. nóv. 2. sje það ekki, hvort hreppstjórar þá geti heimtað full sólulaun, að eins helming þaraf eða minna;
 3. hvort sýslumönnum sje heimilt að fresta að halda manntalsþing þangað til eptir fardaga, til þess að halda fyrirfallandi uppboð frá miðjum maí til fardagaloka.

Þjer hafið í ofanefndu brjefi látið í ljósi álit yðar um það, hvernig svara beri spurningum þessum og skal yður nú, samkvæmt því, þjónustusamlega gefið til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar það, er hjer segir:

ad 1 og 2. Sýslumenn hafa eigi eptir 6. gr. í lögum frá 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra o. fl. heimild til að gefa hreppstjórum umboð til að halda önnur uppboð en þau, sem ætla má að ekki hlaupi meira en 200 kr. og það því aðeins að sýslumaður sje sjálfur forfallaður, og renna uppboðslaunin þá óskert til hreppstjóra þess, er heldur uppboðið, ef upphæð þess í raun og veru eigi fer fram úr 200 kr., því að öðrum kosti tilfalla þau landssjóði og hreppstjóri virðist þá eiga tilkall til endurgjalds fyrir uppboðshaldið af sýslumanni.

Uppboð þau, sem ætla má að hlaupi meira en 200 kr., er sýslumaður skyldur að halda sjálfur, og má hann eigi, án sjerstakrar löggildingar, fela öðrum að halda þau, en sje slík löggilding veitt, eiga uppboðslaunin að renna í landssjóð og uppboðið að fara fram á kostnað og ábyrgð sýslumanns.

ad 3. Það er auðsætt, að sýslumenn yfir höfuð ekki mega fresta manntalsþingum þangað til eptir fardaga eða fram yfir lögákveðinn tíma til þess að vera til taks til að halda uppboð, er kynnu að fyrirfalla á hinu umspurða tímabili. Ef stærri en 200 kr. uppboð koma fyrir, eins á þessu tímabili eins og endranær, og ekki má fresta þeim þangaðtil önnur dagsett embættisverk leyfa sýslumanni sjálfum að halda þau, þá verður hann að fá annan mann löggiltan til að halda slík uppboð sín vegna, geti hann eigi breytt dagsetningu hinna ákveðnu embættisverka, þannig að þau ekki komi í bága við uppboðin, en að öðru leyti verða uppboðskrefjendur í tíma að koma sjer saman við sýslumann um uppboðshöldin, svo að hann geti ákveðið þau og önnur embættisverk með nauðsynlegri hliðsjón hvor til annara.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg er yður samdóma um, að sýslumaðurinn í Árnessýslu verði sjálfur að bera kostnaðinn af uppboðum þeim, sem haldin voru í Ölves-hreppi síðastliðið vor og sem ræðir um í ofanefndu erindi hans.

- 119 Ágrip af brjefi landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um lán til
 22. nóv. stofnunar búnaðarskóla fyrir Múlasýslur. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Suðurmúlasýslu, samkvæmt heimild þeirri, er gefin er í niðurlagsákvörðun fjárlaganna fyrir 1882 og 1883, 8500 króna lán úr viðlagasjóði, til að stofna búnaðarskóla á Eyðum handa báðum Múlasýslum, þannig að lán þetta yrði endurborgað og ávaxtað með 6 af hundraði á ári í 28 ár.